



## **Starfslýsing skólaliða í mötuneyti**

Um ráðningu skólaliða í mötuneyti er nánar kveðið á um í ráðningarsamningi. Um kaup og kjör er vísað til kjarasamnings Launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands.

Starfstími skólaliða í mötuneyti er allt almanaksárið með þeim sumarorlofsréttindum sem kveðið er á um í kjarasamningi. Matráð er heimilt að fá launum dreift yfir allt árið en vinna ekki sumartíma, jól og páska.

Viðkomandi er starfsmaður Grunnskóla Húnaþings vestra. Hann lýtur verkstjórn skólastjórnenda eða umsjónarmanns Frístundar eftir því sem við á.

Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Grunnskóli Húnaþings vestra er símalaus skóli og skal starfsfólk skólans ekki vera með síma sýnilega nema á kaffistofu eða vinnuherbergi.

Regluleg störf skulu vera:

- Sinna daglegri ræstingu eldhúss.
- Aðstoð við framreiðslu morgunverðar, hádegisverðar og nónhressingar.
- Þátttaka að undirbúningi matsals fyrir hverja máltíð. Í því felst að taka niður borð sé þess þörf.
- Aðstoð við undirbúning og móttöku gesta þegar tilefni eru til.
- Frágangur í mötuneyti og eldhúsi.

Starfsmönnum er skylt að taka þátt í endurmenntun skólans eins og kveðið er á um í kjarasamningi.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ( nr. 38/1954, nr.46/1973 og nr.29/1976 ) skulu gilda eftir því sem við á. Starfsmenn heita fullri þagmælsku út á við um hvaðeina er þeir verða áskynja um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Starfslýsing þessi er gerð í samræmi við lög um grunnskóla **nr. 91/2008** og gilda þau hvað varðar þessi störf.

Önnur ákvæði sem koma fram í starfsáætlun skólans, gilda einnig um þessi störf.